

Stefna um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

1. Almennt

- 1.1. Ísafold Capital Partners hf. (hér eftir nefnt „ÍCP“ eða „Félagið“) er rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, með starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða frá Fjármálaeftirlitinu skv. 6. gr. laga nr. 45/2020. Starfsleyfið tekur eingöngu til reksturs sérhæfðra sjóða, en félagið hefur hvorki heimild til eignastýringar né fjárfestingarráðgjafar.
- 1.2. Stefna þessi er sett á grundvelli 22. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og 2. þætti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013. Stefna þessi skal ekki túlkuð á þann hátt að í henni felist loforð eða skuldbinding umfram það sem krafist er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum á hverjum tíma.
- 1.3. Markmið ÍCP með stefnu þessari er að félagið meðhöndli hættu á hagsmunaárekstrum með sanngjörnum og eðlilegum hætti í því skyni að koma í veg fyrir að upp komi hagsmunaárekstrar sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavina ÍCP.
- 1.4. ÍCP er að fullu í eigu framkvæmdastjóra félagsins. ÍCP hefur gert útvistunarsamninga við ótengda aðila um að annast ýmis verkefni fyrir ÍCP gegn þóknun frá félaginu.

2. Gildissvið

- 2.1. Hugtakið hagsmunaárekstrar er í reglum þessum notað yfir þær aðstæður sem geta komið upp þegar ÍCP þjónar hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og er í aðstöðu til þess að koma einum aðila í betri stöðu á kostnað annars.
- 2.2. Stefna þessa gildir um hagsmunaárekstra milli:
 - a) Viðskiptamanna félagsins
 - b) Mismunandi sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri ÍCP
 - c) ÍCP, viðskiptamanna, sjóða eða sjóðsdeild í rekstri ÍCP
 - d) Starfsfólks ÍCP og viðskiptamanna, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri félagsins
- 2.3. Þegar hættu á hagsmunaárekstrum er til staðar ber félaginu að viðhafa skilvirkt verklag til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina félagsins. Stefnan tekur til allra eininga í starfsemi félagsins.

- 2.4. Stefnan gildir um verðbréfavíðskipti milli félagsins og viðskiptavina þess óháð því hvort þeir eru flokkaðir sem almennir fjárfestar, fagfjárfestar eða viðurkenndur gagnaðili.

3. Mögulegir hagsmunaárekstrar

- 3.1. Með hliðsjón af starfsemi ÍCP, að teknu tilliti til þeirra þátta sem hefur verið útvistað eru helstu áhættuþættir í starfsemi félagsins eftirfarandi (fleirri áhættuþættir skilgreindir í viðauka):
- a) ÍCP eða starfsmanni þess eru afhentar gjafir eða umbun umfram það sem eðlilegt getur talist (m.a. ófjarhagsleg verðmæti) sem mögulega geta haft áhrif á hegðun viðkomandi andstætt hagsmunum viðskiptavina ÍCP eða fyrir hendi sé annars konar hvati, fjárhagslegur eða annars eðlis
 - b) ÍCP, starfsmenn eða tengdir aðilar hafa hagsmuni af því að hygla einum viðskiptamanni, sjóði eða sjóðsdeild í rekstri ÍCP á kostnað annarra

4. Ráðstafanir til að takmarka hagsmunaárekstra

- 4.1. Ef hagsmunaárekstrar koma upp í starfsemi ÍCP skal leyst úr þeim þegar í stað með sanngjörnum og réttmætum hætti. Í því skyni að koma í veg fyrir slíka hagsmunaárekstra hefur félagið gripið til eftirfarandi ráðstafana:
- e) ÍCP stundar ekki eigin víðskipti að öðru leyti en að fjárfesta í eigin sjóðum.
 - f) ÍCP hefur til staðar innra regluverk er tekur á þeim tilvikum er hagsmunaárekstrar kunna að skaða hagsmuni viðskiptamanns. Á þetta m.a. við um eigin víðskipti starfsmanna.
 - g) Engin bein tengsl eru á milli þóknana til starfsmanna ÍCP og þeirra sem starfa við sölu og markaðssetingu á sjóðum félagsins.
 - h) Félagið framkvæmir reglulega endurskoðun á þessari stefnu sem og innri reglum og verkferlum félagsins.
 - i) Um stjórn ÍCP gilda starfsreglur um framkvæmd starfa stjórnar og framkvæmdastjóra sem hafa m.a. þann tilgang að taka á hagsmunaárekstrum og draga úr líkum á þeir sem starfsreglurnar taka til tengist einstökum viðfangsefnum.
 - j) Aðrar ráðstafanir, sem teljast nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstur skaði hagsmuni viðskiptavina.

5. Auknar ráðstafanir vegna mögulegra hagsmunaárekstra

- 5.1. Dugi framangreindar ráðstafanir ekki til að leysa tiltekinn hagsmunaárekstur, getur verið viðeigandi að grípa til aukinna ráðstafana sem geta m.a. verið fólgnar í að upplýsa viðskiptavin fyrirfram um mögulegan hagsmunaárekstur og óska eftir samþykki hans fyrir því að viðskiptin eigi sér stað engu að síður eða hafna viðskiptum á grundvelli hagsmunaáreksturs.

6. Veiting upplýsinga um hagsmunaárekstra

- 6.1. ÍCP leitast eftir fremsta megni við að leysa úr hættu á hagsmunaárekstrum með fyrirbyggjandi ráðstöfunum.
- 6.2. Ef ráðstafanir ÍCP til að afstýra hagsmunaárekstrum tryggja ekki að komið verði í veg fyrir hagsmunaárekstra, ber félaginu að upplýsa viðskiptavin með skriflegum hætti um eðli og orsök mögulegra hagsmunaárekstra áður en til þjónustu ÍCP stofnast. Efni og framsetning tilkynningarinnar skal taka mið af því hvers konar viðskipti viðskiptavinurinn stundar í því skyni að hann geti tekið upplýsta ákvörðun vegna umræddrar þjónustu ÍCP að teknu tilliti til þeirra atvika er valda viðkomandi hagsmunaárekstri.
- 6.3. ÍCP skráir niður og geymir á tölvutæku formi upplýsingar um möguleg atvik sem upp koma, hvort sem þau eru tilkynnt til viðskiptavinar eða ekki. Skrá þessi skal reglulega uppfærð og skal innihalda upplýsingar um hvaða viðskiptavinir áttu í hlut, hvaða viðskipti var um að ræða, tegundir viðkomandi fjármálagerninga og viðskiptafærslna.

7. Eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar

- 7.1. Regluvörður og innri endurskoðandi ÍCP annast eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar og skulu viðskiptavinir eiga þess kost að beina athugasemdum til regluvarðar telji þeir að starfsmaður hafi brotið gegn stefnu þessari.

8. Endurskoðun stefnu þessarar

- 8.1. Stefna þessi skal endurskoðuð með reglulegum hætti og skilvirkni hennar í framkvæmd metin og allar breytingar á lögum, reglugerðum og öðrum réttarheimildum sem snerta reglur um hagsmunaárekstra fyrir fjármálafyrirtæki innleiddar eftir því sem við á.
- 8.2. Komi til efnislegra breytinga á stefnu þessari mun félagið upplýsa viðskiptavini sína um það með birtingu úrdráttar á heimasíðu félagsins og telst félagið með því hafa uppfyllt upplýsingaskyldu sína gagnvart viðskiptavinum og framtíðarviðskiptavinum sínum.



9. Gildistaka.

9.1. Stefna þessi skal gilda frá og með undirritun stjórnar.

Þannig samþykkt af stjórn Ísafold Capital Partners hf. þann 30. nóvember 2021.

Viðauki – listi yfir mögulega hagsmunaárekstra

Dæmi um mögulega hagsmunaárekstra

1. ÍCP, starfsmenn eða tengdir aðilar hljóta ávinning eða komast hjá tapi á kostnað viðskiptamanns, sjóðs eða deildar í rekstri félagsins
2. ÍCP, starfsmenn eða tengdir aðilar hafa aðra hagsmuni af útkomu verðbréfavíðskipta en viðskiptamaður, sjóður eða deild í rekstri félagsins
3. ÍCP, starfsmenn eða tengdir aðilar hafa hagsmuni af því að hygla einum viðskiptamanni, sjóði eða sjóðsdeild í rekstri ÍCP á kostnað annarra,
4. ÍCP, starfsmenn eða tengdir aðilar fá þóknun frá öðrum en viðskiptamanni í tengslum við þjónustu félagsins
5. ÍCP, starfsmenn eða tengdir aðilar fá rausnarlegar gjafir eða taka þátt í skemmtun, umfram það sem eðlilegt getur talist, sem gætu haft áhrif á störf þeirra með þeim hætti að andstætt sé hagsmunum viðskiptavina félagsins.